

BORGARRÁÐ 4. júlí 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um afdrif hugmynda um búsetuhús - R19070056

Fyrirspurn Flokks fólksins um hugmyndir um búsetuhús sem hópur foreldra barna með þroskahömlun lagði fyrir fyrirverandi skrifstofustjóra SEA og fyrirverandi formann velferðarráðs fyrir ca. 5 árum síðan. Spurt er um afdrif þessa máls. Fundað var all oft um þessar hugmyndir og fjöldi bréfaskrifta fóru á milli aðila en síðan er ekki vitað hvað varð um þær. Foreldrar og börnin bjuggu til sérstaka bók með hugmyndum um búsetuhús. Þessir foreldrahópur skilaði inn mikið af gögnum frá þeim og börnum þeirra. Systir eins barnsins var arkitekt og bauðst til að teikna húsið frítt og börnin máluðu málverk sem á stóð „Ekki gleyma okkur“. Þáverandi skrifstofustjóri lét að því liggja að þetta hús gæti risið í Skerjafirði. Nú vill borgarfulltrúi Flokks fólksins vita hvað varð um alla þessa vinnu?